



GÖNGUSTÍGUR VESTUR-STRÖND SVEITARFÉLAGSINS  
HORNAFJARÐAR 2009

Útboðslýsing

Verkkaupi: Sveitarfélagið Hornafjörður

Mars 2009

## TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í frágang göngustígs á vestur-strönd Hafnar í Hornafirði fyrir Sveitafélagið Hornafirði, samkvæmt meðfylgjandi útboðsgögnum.

Heildartilboð í verkið. \_\_\_\_\_

Í bókstöfum kr.

---

---

---

Opnun tilboðs: Kl. 14.00 þriðjudaginn 7. apríl 2009 í fundarsal Ráðhúss Hornafjarðar

**Undirskrift verktaka**

---

---

EFNISYFIRLIT

<b>0</b>	<b>VERKLÝSING</b> .....	<b>4</b>
0.0	ALMENN ATRIÐI UM VERKLÝSINGU.....	4
0.1	UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA .....	4
0.2	SKIL OG ÖPNUN Á TILBOÐI.....	4
0.3	GREISLUTILLÖGUN.....	5
0.4	VERKTÍMI .....	5
<b>1</b>	<b>JARÐVINNA</b> .....	<b>5</b>
1.0	GRÖFTUR .....	5
1.0.0	Almenn atriði.....	5
1.0.1	Gröftur .....	5
1.1	FYLLING.....	6
1.2	ÍDRÁTTARRÖR FYRIR RAFMAGN.....	6

## 0 VERKLÝSING

### 0.0 ALMENN ATRÍÐI UM VERKLÝSINGU

Í verklýsingu er verkum lýst og er þar að verulegu leyti vísað til íslensk staðals. Tilgangur verklýsingar er að gera bjóðendum ljóst, hvað er fólgið í einstökum verkhlutum og hvernig skuli leysa þá af hendi. Ekki er þar þó um tæmandi lýsingu allra verka að ræða.

Þar sem teikningar og verklýsing kveða ekki fyllilega á um hvernig skuli leysa einstök verk, skal ætíð miða við, að verk skuli vinna á vandaðan og varanlegan hátt og að öllu leyti fullnægjandi fyrir slíka byggingu, enda er það sem á vantar í lýsingu góðra fagmanna að leysa. Ef um vafa er að ræða varðandi frágang og lausnir, skal ætíð hafa samráð við eftirlitsmann verkkaupa.

Verkkaupi lætur við upphaf verks mæla fyrir mannvirkinu einu sinni. Allar aðrar mælingar skal verktaki framkvæma (Vísað er til ÍST-30-13.4. ), en eftirlitsmanni gefinn kostur á að sannprófa þær. Verktaki ber þó einn ábyrgð á þeim og aðgerðarleysi eða vangá eftirlitsmanns firrir hann eigi þeirri ábyrgð.

Áður en verkið hefst skal verktaki kynna sér allar teikningar í samráði við viðkomandi hönnuði. Verktaki skal strax við upphaf verks kynna sér allar teikningar gaumgæfilega og vera viss um að hann skilji mál á teikningum rétt, áður en hann mælir fyrir einstökum verkhlutum. Ef ósamræmi er á málum milli teikninga þá skal verktaki láta eftirlitsmann vita tafarlaust og verður þá tilkynnt hvaða mál eru rétt. Almennit gildir að sérmyndir og snið eru nákvæmari en grunnmyndir.

Skýringar við magntölur eru gefnar í undirköflum verklýsingar og vísa númer í magntöluskrá á þær skýringar.

**Sveitarfélagið áskilur sér rétt á að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.**

*MAGNTÖLUR / EININGAVERÐ.*

*Helstu þættir magntalna og einingarverða eru dregnir fram með skáletrun í lok hvers undirkafla.*

*Fara skal í einu og öllu eftir þeim lögum (byggingarlögum) og reglugerðum sem gilda um framkvæmd þessa.*

### 0.1 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27

780 Hornafjörður

Tengiliður verkkaupa er Haukur Ingi Einarsson framkvæmdastjóri Tækni – og umhverfissviðs Hornafjarðar.

### 0.2 SKIL OG OPNUN Á TILBOÐI

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði eigi síðar en þriðjudaginn 7. apríl 2009 kl. 14:00. Á umslaginu skal standa “Göngustígur vestur-strönd” Tilboðum skal skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjörður, Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði og verða þau opnuð samtímis í fundarsal Sveitarfélagsins á 3. hæð í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir.

Bjóðendur skulu bjóða fast verð með virðisaukaskatti.

### 0.3 GREISLUTILLÖGUN

Verktaki skal senda inn reikning vegna verksins á 2 vikna festi og greiðir sveitarfélagið reikningana innan tveggja vikna frá móttöku þeirra. Verkið verðbætist ekki.

### 0.4 VERKTÍMI

Verkið skal hefjast um leið og tilboð hefur verið samþykkt og skal verkinu vera að fullu lokið 25. júní 2009.

## 1 JARÐVINNA

### 1.0 GRÖFTUR

#### 1.0.0 Almenn atriði

Í verkinu felst að jarðvegsskipta fyrir göngustíg á vesturströnd Hafnar, sjá yfirlitsteikningu. Að hluta er búið að jarðvegsskipta, við þau svæði þarf ekkert að gera nema ganga frá ídráttaröri fyrir rafmagn. Stígur kemur á sama stað og núverandi braut, nema smá tilfæringar eru á einum stað sem gera skal í samráði við eftirlitsmann. Ekki eru gefin hnit á stígnum en miða skal við núverandi legu og að endanlegt malbik verði í sömu hæð og. núverandi land. Verktaki skal ganga frá ídráttar röri fyrir rafmang í fyllingu, sjá snið í stíg.

Verktaki skal grafa burtu jarðveg og lífræn efni, 60 cm. undir endanlegt yfirborð gögnustígs og setja 50 cm. burðarlag í staðinn. Ekki verður farið í jöfnunarlag og malbik að þessu sinni.

Verktaki framvæmi allar mælingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma verkið, í samráði við eftirlitsmann verkkaupa. Allar slíkar mælingar skulu vera innifaldar í einingarverðum.

Jarðvinnu skal framkvæma samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og í samræmi við góð og fagleg vinnubrögð og ætíð skal þess gætt að virða staðla, lög og reglugerðir við vinnu þessa.

Verktaki skal merkja vinnusvæði og verja gryfjur verði þær til staðar.

#### 1.0.1 Gröftur

Uppúr staði milbikaðra gangstétta skal fjarlægja allan lausan og lífrænan jarðveg niður á fastan botn, eða niður í 60 cm. dýpi undir núverandi jarðvegryfirborð eftir því sem fram kemur á teikningum, í magnskrá og í samræmi við skýringar í liðunum, almennt í verklýsingum þessum. Jarðvegi þessum skal jafnað út sitt hvoru megin við göngustíg í fláa þar sem hann fellur til. Umfram efni skal jafna út í fjörukambinum við þá staði sem efnið fellur til.

Búið er að jarðvegsskipta 645 m. af göngusígnum sem verður í heildina 1530 m.

#### *MAGNTÖLUR:*

*Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m<sup>3</sup>) og eiga við óhreyfðan jarðveg.*

*Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við gröft, vinnu vélar og flutninga og annað sem til þarf til að fullvinna verkið, nema annað sé tekið fram. Ef grafið er meira en verkið útheimtir er það á ábyrgð verktaka og skal hann bera af því allan kostnað.*

*Í einingarverðinu skal einnig vera innifalinn allur kostnaður við tipp ef um er að ræða.*

## 1.1 FYLLING

Liður þessi felur í sér fyllingu með grús og þjöppun skv. teikningum. Fylla skal og þjappa fyllinguna í lögum. Grúsarfyllingin skal vera frostörugg þ.e. þyngd korna minni en 0.02 mm skal vera minni en 3% af þyngd alls efnisins.

Efnið skal auk þess uppfylla eftirfarandi kröfur um kornadreifingu.

Gegnum sigti skal fara	þyngdarprósent
0.062 mm.	1,5-7
0.125 mm.	2-14
0.25 mm.	4-20
0.5 mm.	5-28
1.0 mm.	8-37
2 mm.	13-48
4 mm.	18-62
8 mm.	27-83
16 mm.	40-100
32 mm.	55-100
64 mm.	75-100

Mesta steinastærð má vera 10 cm (kantlengd). Kornadreifingartala d60/d10 skal vera stærri en/eða jöfn 6 og hlutfallið d302/d10 x d60 stærra en 1 og minna en 4.

Í fláan sitt hvoru megin við fyllingu skal setja það efni sem til fellur í uppgreftrinum þar sem hann fellur til eins og lýst var í kafla 1.0.1.

Fylla skal jafn óðum í stæði göngustígs þannig að sem minnsta rask verður á gönguleiðinni.

### MAGNTÖLUR / EININGAVERÐ

*Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m<sup>3</sup>). Magntölur miðast við þjappað efni.*

*Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efniskaup, gröftur, ámokstur, akstur, jöfnun, þjöppun o.s.frv., nema annað sé tekið fram.*

*Verktaki skal sjálfur bera kostnað af umframmagni sem orsakast af því að grafið var út fyrir greiðslumörk, nema það hafi verið gert að beiðni eftirlitsmanns.*

## 1.2 ÍDRÁTTARRÖR FYRIR RAFMAGN

Verktaki skal leggja ø50 PEH ídráttarrör í 20 cm. fjarlægð frá væntanlegri útbrún malbiks í göngustíg á 30 cm. dýpi. Verktaki leggur einnig ídráttarrör í þann hluta göngustígs sem búið er að setja fyllingu í. Einnig skal verktaki koma fyrir merkiborða sem verður 100-150 mm beint fyrir ofan ídráttarrörið. Verkkaupi leggur til ídráttarrör og merkiborða.

---

*MAGNTÖLUR:*

*Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu.*

*Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. vinna, vélar og flutningar.  
Verkkaupi leggur til ídráttarrör og merkiborða.*